



**Háskólinn
á Akureyri**
University
of Akureyri

**Stefna
Háskólans á Akureyri
2025 – 2030**

Hlutverk Háskólans á Akureyri



Háskólinn á Akureyri er **leiðandi mennta- og vísindastofnun** sem skapar fjölbreytt tækifæri til náms og rannsókna sem standast ströngustu gæðakröfur í öflugri miðstöð fræða á norðurslóðum.



Framtíðarsýn Háskólans á Akureyri

Háskólinn á Akureyri er leiðandi og framsækið háskólasamfélag sem með öflugum vísindastarfi og kenngslu er uppspretta þekkingar, nýsköpunar og framfara á norðurslóðum.


Háskólinn á Akureyri er drifinn áfram af óbilandi trú á tækifærin sem norðurslóðir bjóða upp á. Háskólinn er **miðpunktur þekkingar, nýsköpunar og framfara**, þar sem **framsækin hugsun og hugrekki** til að móta framtíðina fara saman.

Háskólinn á Akureyri er í samstarfi við innlenda og alþjóðlega háskóla, rannsóknarstofnanir og atvinnulíf og leggur áherslu á **rannsóknir og menntun** sem takast á við áskoranir samfélagsins á öllum sviðum.

Háskólinn á Akureyri er **sjálfstætt náms- og þekkingarsamfélag** sem leggur áherslu á gagnrýna og sjálfstæða hugsun. Menntun við háskólann miðar að því að **efla gagnrýna hugsun og sköpunargáfu** stúdenta. Sérstök áhersla er lögð á **fjölbreytni og aðgengi að námi**, með **sjálfbærni og samfélagslega velferð** að leiðarljósi.

Háskólinn á Akureyri er **ómissandi afl** sem tengir saman fólk, vísindi og atvinnulíf á norðurslóðum. Með því að stunda rannsóknir, miðla þekkingu og byggja upp sterk samfélög í síbreytilegu umhverfi leitast skólinn við að vera **uppspretta þekkingaröflunar, nýsköpunar og framfara** og þar með tryggja **betri framtíð** fyrir komandi kynslóðir.





Gildi Háskólans á Akureyri

Háskólinn á Akureyri er framsækið, sjálfstætt og traust náms- og þekkingarsamfélag með jafnrétti að leiðarljósi.

FRAMSÆKNI

Háskólinn á Akureyri tileinkar sér **bestu þekkingu og tækni** við kennslu, rannsóknir og þróun. Hann sækir fram af **víðsýni og metnaði** og er í **fararbroddi** á sviði vísinda og fræða.

JAFNRÉTTI

Í starfi sínu leggur Háskólinn á Akureyri áherslu á að stúdentar og starfsfólk nái **árangri í námi og starfi óháð** fötlun, kynhneigð, kyni, kynþætti, lífsskoðun, trúarbrögðum og uppruna.

SJÁLFSTÆÐI

Háskólinn á Akureyri er sjálfstætt náms- og þekkingarsamfélag með **gagnrýna** og **sjálfstæða hugsun** að leiðarljósi.

TRAUST

Stúdentar og samfélag geta treyst því að Háskólinn á Akureyri hafi að leiðarljósi **haldgóða menntun**, **gagnrýna hugsun**, **vönduð vinnubrögð** og **heill samfélagsins**.





Háskólinn á Akureyri hefur á stefnutímabilinu
skýrar áherslur og **sértæk markmið**
sem byggja á þeim.



Áherslumál stefnunnar skiptast í þrjá meginflokka
þar sem lögð er sérstök áhersla á að undirstrika
hlutverk Háskólans á Akureyri sem öflugt og
eftirsóknarvert háskólasamfélag.



Háskólinn á Akureyri er öflugt náms- og þekkingarsamfélag sem mótar framtíðina og eflir samfélagið með nýsköpun, þekkingu og sjálfbærni að leiðarljósi.

Háskólinn á Akureyri hefur **sterka ímynd**, er **leiðandi í samfélaginu** og **fyrirmynd** um sjálfbæra og umhverfisvæna starfshætti. Háskólinn leitast við að stuðla að því að **minnka kolefnisspor sitt** með tilliti til losunar á gróðurhúsalofttegundum, mengunarefnum, sóunar á auðlindum og öllum skaða á lífríki og náttúru sem starfsemin tekur til.

Háskólinn leggur **metnað** í að **auka sýnileika** vísindastarfs sem unnið er við stofnunina bæði á landsvísu og á alþjóðavettvangi **efla gagnvirk tengsl** við atvinnulíf, stofnanir og samfélag.

ÁHERSLUR

- Sýnilegur háskóli með sterka ímynd
- Traust og leiðandi afl í samfélaginu
- Sjálfbærni og umhverfisvernd í fyrirrúmi

Markmið og mælikvarðar sem byggja á ofangreindum áherslum verða skilgreind árlega.

2025 2026 2027 2028 2029 2030

MARKMIÐ

Við viljum efla sýnileika með **virkri miðlun upplýsinga** og **auknu samstarfi** starfsfólks og stúdenta við samfélagið.

MÆLIKVARÐAR


- Árið 2028 er komið **notendavænt aðgengi** að upplýsingum um virkar rannsóknir innan háskólans og ytri styrki á vef háskólans
- Árið 2030 hefur **stuðningur við vísindamiðlun** til almennings og hagaðila verið aukinn meðal annars með framboði námskeiða í vísindamiðlun og aukinni nýtingu stigamatskerfis háskólans
- Árið 2030 hefur fjöldi stúdenta sem **taka þátt í samstarfsverkefnum** með atvinnulífi, sveitarfélögum eða stofnunum aukist um 30% frá árinu 2025



Háskólinn á Akureyri skapar eftirsóknarvert umhverfi til náms og starfa þar sem námsframboð og nýsköpun eru í takt við þarfir samfélagsins og vísindastarf blómstrar.

Háskólinn á Akureyri er alþjóðlegur háskóli í fremstu röð, leiðandi í **rannsóknum, kennslu og nýsköpun** með áherslu á **norðurslóðir** og **sveigjanlegt námsframboð**. Aukið samstarf við fyrirtæki og stofnanir undirbýr stúdenta fyrir störf sem mæta þörfum framsækins samfélags.

Við Háskólann á Akureyri er **öflugt rannsóknarsamfélag** með traustum rannsóknarinnviðum og rannsóknarþjónustu. Rannsóknarmenning háskólans miðar að opnum vísindum með áherslu á **alþjóðlegt samstarf** þar sem rannsóknarafurðir og gögn eru gerð aðgengileg í **opnum aðgangi**.



ÁHERSLUR

- Framsækið nám og nýsköpun í takt við þarfir samfélagsins
- Öflugt vísindastarf og sterkir innviðir
- Nám og tækni í fremstu röð

Markmið og mælikvarðar sem byggja á ofangreindum áherslum verða skilgreind árlega.

2025 2026 2027 2028 2029 2030

MARKMIÐ

Við viljum **stórauka sókn** í vísindastarfi með auknu umfangi styrkja og áhrifaríkum rannsóknum.

MARKMIÐ

Við viljum **nýta framfarir** í tækni og gervigreind til þess að vera leiðandi í að skapa eftirsóknarvert umhverfi til náms og starfa.

MÆLIKVARÐAR

- Árið 2030 er þriggja ára meðaltal umsókna um ytri styrki sem fá háa einkunn (skilgreint sérstaklega fyrir hvern sjóð) orðið 60%
- Árið 2030 brautskrást að meðaltali sjö kándídatar með doktorsgráðu árlega
- Árið 2028 hefur bæði **nýting og ánægja** með rannsóknarþjónustu háskólans aukist, og verður metin með könnun á meðal hagaðila

MÆLIKVARÐAR

- Árið 2026 hefur leiðbeinandi stefna um notkun **gervigreindar** í háskólanum verið sett
- Árið 2027 hafa **markmið um nýtingu** gervigreindar innan háskólans verið skilgreind
- Árið 2027 hefur tilraunaverkefni um nýtingu gervigreindar innan háskólans farið fram og áhrifin verið metin



Háskólinn á Akureyri er **lifandi og metnaðarfullt háskólasamfélag** þar sem inngilding, jafnrétti, samheldni, hvatning og tækifæri til þróunar skapa einstakt umhverfi til náms og starfa.

Háskólinn á Akureyri er **eftirsóknarverður vinnustaður** starfsfólks og stúdenta sem byggir á **inngildingu, samstöðu og hvetjandi menningu**.

Með áherslu á **framúrskarandi mannauð, fjölbreytileika og styrk** innra starfs, vinnur háskólinn að því að **skapa fjölbreytt samfélag** þar sem öll tilheyra og auðga náms- og starfsumhverfi skólans.

Umgjörð og viðmót innan skólans tekur mið af ólíkum þörfum fólks og **laðar að hæfileikafólki** í anda grunngilda háskólans.



ÁHERSLUR

- Öflugur stuðningur við fjölbreytt og inngildandi háskólasamfélag
- Samstillt og hvetjandi menning sem styður við þróun fólks í námi og starfi
- Eftirsóknarverður valkostur hæfileikafólks

Markmið og mælikvarðar sem byggja á ofangreindum áherslum verða skilgreind árlega.

2025 2026 2027 2028 2029 2030

MARKMIÐ

Við viljum vera þekkt fyrir opið og inngildandi háskólasamfélag sem byggir á þverfræðilegri nálgun og víðtæku samstarfi

MÆLIKVARÐAR

- Árið 2030 hefur hlutfall námskeiða þar sem **fjölbreytni, jöfnuður og inngilding** eru sýnileg í umfjöllun námskeiðsins aukist um 50%
- Árið 2030 hefur **jákvæð upplifun** starfsfólks og stúdenta af inngildingu, fjölbreytileika og virðingu innan háskólans aukist
- Árið 2025 hafa **markmið og verkefnaáætlun** um inngildandi háskólasamfélag stúdenta verið skilgreind



